



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1056. tbl - 23. árg.

23. febrúar 2023



Reistu hús á þremur dögum



Mánudaginn 20. febrúar blakti fáni við hún á nýreistu húsi við Fossabrekku í Ólafsvík, það er ekki á hverjum degi sem hús eru byggt í Ólafsvík og því er gaman að segja frá því að talsvert stendur til í brekkunni.

Á lóð rétt ofan við hið nýreista hús er TS vélaleiga að grafa grunn fyrir rúmlega 300 fermetra einbýlishús sem verður hafist handa við að byggja á vormánuðum. Við

Miðbrekku verður, á næstu vikum, hafist handa við að grafa fyrir parhúsum, samtals fjórum íbúðum. Fleiri lóðir hefur verið sótt um og ef fundargerðir skipulagsnefndar eru lesnar þá kemur í ljós að mikill áhugi er á að byggja í sveitafélaginu, t.d. er búið að sækja um fjölda lóða á Arnarstapa og framkvæmdir hafnar við að minsta kosti tvær þeirra.

Guðjón Árnason og Ellen

Magnúsdóttir eru að byggja húsið við Fossabrekku og sagði Guðjón í samtali við blaðamann Jökuls að grafið hafi verið fyrir grunninum í september og sökkull steypur í framhaldi af því. Húsið sem er 209 fermetrar, er smíðað í einingum í Lettlandi, þaðan kom það í byrjun febrúar og sagði Guðjón að ekki hafi tekið nema þrjá daga

að reisa húsið. Aðra þrjá daga tekur að klára húsið að utan og þá verður hægt að beina athyglinni að innanhússvinnu, mörg handtök eru eftir en þau Guðjón og Ellen eru að gera sér vonir um að vera flutt inn fyrir Ólafsvíkuvöku í sumar.

jó

ÍBÚÐARHÚSNÆÐI ÓSKAST

Óskum eftir íbúðarhúsnæði til ársleigu í Ólafsvík frá apríl 2023. Æskilegt er að fasteignin hafi að lágmarki tvö svefnherbergi og helst bílskúr að auki.

Skilvísium greiðslum heitið ásamt viðeigandi tryggingum.



Nánari upplýsingar veitir:

BOGI MOLBY
Löggiltur fasteignasali
☎ 699 3444
molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Prestsvígsla í Dómkirkjunni í Reykjavík

Þann 12. febrúar síðastliðinn var prestsvígsla í Dómkirkjunni í Reykjavík en þar vígði Biskup Íslands tvo presta. Séra Karen Hjartardóttir og Séra Ægir Örn Sveinsson voru þar vígð til prests við hátiðlega athöfn. Séra Karen var vígð til Bjarnarnesprestakalls í Suðurprófastsdæmi en Karen er uppalin á Stóra Kambi í Breiðuvík. Séra Ægir Örn var þar einnig vígður til Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall og er áætlað að hann hefji störf fyrsta sunnudag í mars. Snæfellsbæingar eiga því eitthvað í báðum þeim prestum sem vígðir voru þennan dag.

Vígsluvottar voru sr. Gunnar Stígur Reynisson, sr. Halldóra Þorvarðardóttir prófastur Suðurprófastsdæmis, sr. Gunnar Eiríkur Hauksson prófastur Vesturlandsprófastsdæmis og sr. Magnús Björnsson pastor emeritus.



Sr. Elínborg Sturludóttir þjónaði fyrir altari.

sj

U19 kvenna sigraði alþjóðlegt æfingamót



Íslenska U19 ára landslið kvenna í fótbolta tryggði sér sigur á alþjóðlegu mót í Portúgal með 4:1 sigri á Wales í lokaleik sínum á mótinu á þriðjudag.


Mörkin í leiknum gegn Wales skoruðu þær Snædís María Jörundsdóttir, Sædís Rún Heiðarsdóttir og Katla Tryggvadóttir, en Katla skoraði innan við mínútu eftir að hún kom inn á í síðari hálfleik og svo bætti hún við öðru

marki sínu af vítapunktinum á 77. mínútu.

Ísland hafði áður unnið 4-2 sigur gegn Póllandi og 3-2 sigur gegn Portúgal og vann því alla leiki sína á mótinu.

Sædís Rún Heiðarsdóttir skoraði eitt af mörkum Íslands gegn Portúgar og í leiknum gegn Póllandi skoraði hún tvö af fjórum mörkum Íslands.

jó



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.


Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Getraunir 1x2

Menn riðu ekki feitum hesti frá getrauninum síðasta laugardag. Eftir sex laugardaga í röð, þar sem að „spekingarnir“ okkar voru með vinning á hópseðlinum, mislága þó, kom úr Kópavogi einn af þátttakendum hópsins (Sérfræðingur AðSunnan) sem vildi sýna okkur hvernig ætti að ná öllum 13 leikjunum réttum. Hann fékk að spreyta sig og niðurstaðan var 8 réttir! Það er lægsta skor síðan við byrjuðum. Aðrir voru svo sem ekki með mikið fleiri rétt úrslit. Nokkur óvænt úrslit á þessum seðli. Við höldum áfram og verðum í Átt-

hagastofnunni sem fyrr á laugardaginn á milli klukkan 11.00 og 12.00. Kaffi á könnunni. Núna er boltinn byrjaður að rúlla hér heima af fullri alvöru og Lengjubíkarinn hafinn. Víkingur er búinn að spila einn leik og laut í gervigras fyrir Ými um síðustu helgi, en eiga svo að leika við Reyni frá Sandgerði í Höllinni á Skaganum á laugardaginn. Einhver stirðleiki í mönnum, svona í fyrsta leik.

Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Rúta valt í mikilli hálfku



Rúta með 14 farþegum auk bíl-
stjóra fór út af veginum niður að
Djúpalóni síðastliðinn föstudag,
rútan valt við útafaksturinn og

samkvæmt upplýsingum frá lög-
reglu slösuðust fjórir og var einn
af þeim sendur á Sjúkrahúsið á
Akranesi. Farþegarnir voru ferjað-

ir í gestastofuna á Malarrífi þar
sem hlúð var að þeim en síðan
var þeim ekið til Reykjavíkur með
annarri rútu.

Mjög mikil hálfka var á vegin-
um þar sem óhappið var en rút-
an mun hafa verið á góðum vetr-
ardeckjum. *jó*

Samanburður á orkukostnaði heimila árið 2022

Skýrsla Byggðastofnunar um
samanburð á orkukostnaði heim-
ila árið 2022 kom út 30. janúar
síðastliðinn. Frá árinu 2014 hef-
ur Orkustofnun reiknað út kostnað
á ársgrundvelli þegar kemur
að raforkunotkun og húshitun á
sömu fasteigninni á ákveðnum
svæðum á landinu. Eignin sem
miðað er við er einbýlishús sem
er 140 fermetrar að grunnfleti og
um 350 rúmmetrar. Miðað er við
um 4.500 kWst af almennri raf-
orkunotkun eða þeirri raforku-
notkun sem er notuð í annað en
húshitun. Við húshitun er mið-
að við 28.400 kWst af rafmagns-
notkun en 14.200 kWst þegar
varmadæla er notuð. Gögnin sem
unnið var út frá eru gjaldskrár
frá 1. september 2022 og er al-
menn rafmagnsnotkun og fasta-
gjald reiknað saman annars vegar
og hitunarkostnaður hins vegar.
92 byggðakjarnar eru teknir fyrir
í greiningunni, þar á meðal Ólafsvík,
Hellissandur, Rif og Grundarfjörður.

Notendur raforku hafa val og
geta keypt raforku af hvaða sölu-
fyrirtæki sem þeir kjósa. Sam-
kvæmt skýrslunni var lægsta
mögulega verð raforku fyrir við-
miðunareignina, með flutnings-
og dreifikostnaði í Ólafsvík, Rifi,

Hellissandi og Grundarfirði 90
þ.kr. en það var hjá RARIK. Lægsta
verð fyrir raforku heilt yfir var hjá
Veitum en það voru 81 þ.kr. Þegar
þróun lægsta verðs er skoðað á
verðlagi ársins 2022 má sjá að raf-
orkuverð í þéttbýli hefur lækkað
töluvert árið 2022 eða um 1-5%,
mest hjá Norðurorku.


Verðmunur á húshitunarkostnaði
er töluvert meiri en á raforku-
verði. Lægsti mögulegi kostnaður
þar sem húshitun er dýrust er um
þrefalt hærri en þar sem hún er
óðýrust. Í skýrslunni er tekið fram
að þeir sem kynda íbúðarhúsnæði
sitt með rafmagni geta sótt

styrk til Orkustofnunar til þess
að setja upp varmadælu en það
getur lækkað raforkunotkun um
allt að 50%. Sá orkusparnaður er
þó háður ýmsum þáttum. Ólafsvík,
Hellissandur, Rif og Grundarfjörður
eru meðal þeirra þéttbýl-
istaða sem eiga möguleika á þessum
styrk.

Samkvæmt skýrslunni var
lægsti húshitunarkostnaður fyr-
ir viðmiðunareign á Flúðum en
það var um 70 þ.kr. en þar er hita-
veita. Hæsti húshitunarkostnaður
urinn var í Grímsey þar sem not-
ast er við olíukyndingu. Í Ólafsvík,
Rifi, Hellissandi, Grundarf-

irði og öðrum svæðum þar sem
notuð er bein rafhitun var lægsta
mögulega verð fyrir viðmiðunareign
177 þ.kr. Með varmadælu er
áætlað að sá kostnaður gæti verið
um 88 þ.kr.

Lægsti mögulegi heildarorku-
kostnaður eða raforku- og húsitunarkostnaður
viðmiðunareignar í Ólafsvík, Rifi, Hellissandi
og Grundarfirði 2022 er 267 þ.kr.
hjá RARIK. Talið er að sá kostnaður
gæti verið 179 þ.kr. með varma-
dælu.



Kvenháyrningur með grindhvalskálf

Háyrningur sást annast um kálf annarrar tegundar, en það hefur aldrei áður verið skráð. Kvenháyrningurinn sem um ræðir, sem nefnd er Sædís“ (einkennisnúmer SN0540), sást í nánu samneyti við nýfæddan grindhvalskálf við Snæfellsnes í ágúst 2021. Engir aðrir grindhvalir voru í nágrenninu á þeim tíma.

Sædís hefur margsinnis sést við Snæfellsnes en aldrei með sinn eigin kálf, þannig að talið er mögulegt að hún hafi þarna gert tilraun til að ættleiða grindhvalskálf. Háyrningar og grindhvalir eru taldir hafa svipað félagskerfi og tengsl móður og afkvæmis, sem gerir umönnun af þessu tagi mögulega. Engu að síður hefur svona löguðu á milli þessara tegunda aldrei áður verið lýst í vísindariti. Sædís sást aftur í samskiptum við grindhvali sumarið 2022 en kálfurinn var þá hvergi sjáanlegur.

Nánari lýsing með myndum af þessari athugun og umræður um hana hafa nú birst í vísindaritinu Canadian Journal of Zoology,



ásamt frekari lýsingum á samskiptum háyrninga og grindhvala við Snæfellsnes. Gögnunum var safnað og þau greind af starfsmönnum Orca Guardians Iceland og Náttúrustofu Vesturlands, í samstarfi við Cape Breton Pilot Whale Project og hvalaskoðunarfyrtækistöð Láki Tours.

Gögnum um háyrninga og grindhvali er safnað á hvala-

skoðunarskipum Láki Tours og frá landi á Snæfellsnesi, með athugunum á háyrningum árið um kring frá 2014 og á grindhvölum frá 2019.

Stutt og aðgengilegt myndband um helstu niðurstöður rannsóknarinnar má sjá með því að skanna QR kóðann sem fylgir greininni.



Hestanámskeið á Brimilsvöllum

Í janúar síðastliðnum hófu starfsmenn Smiðjunnar í Ólafsvík (dagþjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu) hestanámskeið á Brimilsvöllum undir leiðsögn Veronicu Osterhammer og eigmanni hennar Gunnari Tryggvassyni (tamningamaður FT). Um var að ræða 5 vikna námskeið sem sett var upp í samstarfi við Símenntun Vesturlands. Markmið námskeiðisins var að nemendur fengju að upplifa návist hestanna, fá fræðslu um umgengni við hesta, umhirðu, kempa, klappa, moka, sópa, gefa hey. Læra að mýla og teyma hesta við hlið sér í inni aðstöðu. Nemendur fengu einnig tækifæri á að vera teymdir á hestbaki ef nemendur vildu og þá læra jafnvægis og sætisæfingar á hestbaki. Námskeiðinu lauk þann 14. febrúar síðastliðinn, en starfsmenn Smiðjunnar og leiðbeinendur þeirra mættu 1x í viku yfir 5 vikna tímabil. Námskeiðið gekk mjög vel og tóku Veronica og Gunnar virkilega vel á móti okkur og nutum við og þau samverunnar á meðan námskeiðinu stóð. Hver og einn nemandi fékk að nálgast hrossin og hesthúsin á



sínum forsendum. Nærveran við dýrin hefur mögnuð áhrif og að

fá tækifæri á þessari upplifun og fræðslu var dýrmæt og skemmti-

leg fyrir starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar.



Verðandi landverðir á námskeiði

Árlega heldur Umhverfisstofnun landvarðanámsskeið með því markmiði að tryggja framboð af hæfum landvörðum til starfa á friðlýstum svæðum. Þeir sem ljúka landvarðanámsskeiði öðlast rétt til þess að starfa sem landverðir. Verklegi hluti þessa námskeiðs var haldinn um liðna helgi í nýrri Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. 36 nemendur sátu námskeiðið og komu þeir víðs vegar af landinu. Aðal verkefni í þessum hluta námskeiðsins var að undirbúa fræðslugöngu með aðferð náttúrutúlkunar og fóru nemendur og kennarar í kjölfarið í göngur. Gott verður var á Snæfellsnesi á meðan námskeiðið stóð yfir og voru göngurnar einstaklega vel skipulagðar og fræðandi.

jj



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Skilafrestur í Jökul

**Efni og auglýsingum í Jökul þarf að
skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.**

Það er í lagi að skila fyrir.

**Upplýsingar um auglýsingaverð
á www.steinprent.is**



STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík steinprent@simnet.is
S: 436 1617 · www.steinprent.is

Hræðileg helgi í Stykkishólmi

Dagana 24. - 25. febrúar fer fram svokölluðu Hræðileg helgi í Stykkishólmi. Er þetta drauga- og glæpahátíð sem haldin er í fyrsta skipti í Hólminum.

Hólmarar eru búnir að búa til spennandi morðgátu sem þarf að leysa. Hver er fórnarlambið og hver morðinginn? Er bæjarstjórinn saklaus? Komdu í Hólminn og leystu morðgátuna!

Ásamt morðgátunni verður á dagskrá draugahús í Norska húsinu - Byggðasafni Snæfellinga- og Hnappdæla. Þar mun Dagrún Jónsdóttir Þjóðfræðingur segja frá draugum og þeim ólíku gerðum drauga sem finnast á Íslandi, líkt og uppvakninga, afturgöngur, útburði og fépúka. Hún kennir ýmis praktísk atriði eins og hvernig má þekkja drauga sem fólk mætir á förnun vegi, vekja upp draug og svo losna við drauga sem ásækja mann.

Á Byggðasafninu verður jafnframt opnuð sýning eftir Dagrúnu sem nefnist Skessur sem éta karla. Um er að ræða veggspjaldasýningu um mannát í íslenskum Þjóðsögum. Sýningin var unnin í samstarfi við listakonuna Sunnevu Guðrúnu Þórðardóttur.

Sagnaskemmtun verður á félagsheimilinu Skildi með þeim Ásgeir Jónssyni og Ármanni Jakobssyni, ber hún yfirskriftina, Landnámsmenn

Snæfellsness, afturgöngur og Eyrbyggja.

Á Narfeyrastofu munu tvö hlaðvörp taka upp efni sem tengist hátíðinni með áheyrendum. Það eru hlaðvörpin Myrkur sem fjalla mun um ýmsu glæpi og hlaðvarpið Myrka Ísland sem fjalla mun um íslenskt fjöldamorð. Á barnum verður hægt að kaupa kokteil sem tengist þema hátíðarinnar, Göróttur Glæsir, útaður í blóði og blandast inn í hann áhrif bola, manns og draugs.

Farið verður í draugagöngu um Stykkishólm um slóðir sem Hólmarar hræðast. Reimleiki í gamla kirkjugarðinum, álagablettir og fleira.

Á Fosshótel verður Glæpa Quiz. Þar sem hinar glæpsamega skemmtilegu systur, rithöfundarnir Kamilla og Júlía Einarsdætur stjórna spurningakeppni með hræðilegu þema.

Veitingastaðir munu bjóða upp á spennandi matseðla þessa helgi.

Í fréttatilkynningu um viðburðinn segir að það ætti engum að leiðast í Hólminum þessa helgi, nánari dagskrá má nálgast inn á visitstykkiholmur.is



Úttekt EarthCheck á Snæfellsnesi

Um umhverfsvottun

Frá árinu 2008 hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi hlotið alþjóðlega umhverfsvottun EarthCheck fyrir framistöðu í sjálfbærnimálum. Ferlið er umfangsmikið og ekki án áskorana, en það sem skiptir miklu máli er að sjálfbærnimarkmið og aðgerðir í samræmi við þau séu innlimuð í starfsemina og að flestir hagaðilar á svæðinu vinni saman með framtíð umhverfis og samfélags að leiðarljósi. Vöktun á auðlindnotkun, úrgangslausun og samfélagslegri stöðu, t.d. atvinnuleysi, íbúafjölda eða fjölda ferðafólks eru meðal þeirra atriða sem umhverfsvottunarverkefni sveitarfélaganna heldur utan um. Einnig eru önnur atriði metin sem stuðla að sjálfbærri þróun, t.d. aðgerðir gegn mengun og ágengum tegundum og gagnsæ samskipti við íbúa.

Úttektin

Óháður sérfræðingur metur árlega hvort gögn og starfsemi sveitarfélaganna uppfylli skilyrði endurnýjaðrar vottunar en kröfur sem þarf að uppfylla aukast með ári hverju. Hluti af úttektinni felur í sér að innviðir sveitarfélaganna eru teknir út, en aðeins er hægt að skoða hluta þeirra í hverri úttekt. Í nóvember síðastliðinn var gerð tveggja daga úttekt á starfsemi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, þar sem gögn fyrir árið 2021 voru metin og íþrótta-mannvirki, áhaldahús og gámasvæði heimsótt. Í úttektinni voru gerðar nokkrar athugasemdir og kröfur um úrbætur og má í því samhengi nefna mengunarvarnir og skilvirkar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem dæmi. Því eiga sveitarfélögin verkefni fyrir höndum til að fá endanlega umhverfsvottun og halda góðu verki áfram.

Úttektin leiddi líka í ljós að margt er mjög vel gert. Þar þótti úttektaraðilum það samstarf sem fram fer hér á Snæfellsnesi standa upp úr; virkni Svæðisgarðsins Snæfellsness og fyrirtækja, einstaklinga og félagsmáttaka er framúrskarandi og svæðisSKIPulagið er góður leiðarvísir að sjálfbærara samfélagi. Einnig þótti úttektaraðila að verkefninu væri mikill styrkur af því að verkefnastjóri umhverfsvottunarver-



kefnisins skyldi heyrna undir Náttúrustofu Vesturlands, þar sem sérfræðipækning er fyrir hendi varðandi umhverfismál, náttúruvernd og rannsóknir.

Þátttaka íbúa mikilvæg

Íbúar eru hvattir til þess að hafa samband ef þeir hafa hugmyndir og athugasemdir varðandi umhverfis- og samfélagsmál, sem snerta aðkomu sveitarfélaganna að ferðaþjónustu eða óska eftir frekari upplýsingum. Fyrirtækjum, stofnunum og samtökum er velkomið að fá kynningu á verkefninu, sem jafnvel væri sniðin að ákveðnu sviði innan umhverfis- og samfélagsmála. Einnig bendum við á heimasíðu okkar www.nesvottun.is og síðu Umhverfsvottunar Snæfellsness á samfélagsmiðlum.

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Leikfélagið Lauga



Eins og flestum er kunnugt setti leikfélagið Lauga á svið leikritið "Sex í sama rúmi" í nóvember sl. Æfingar hófust í október og var ákveðið að sýna í Félsgsheimilinu Röst. Alls urðu sýningarnar 10 þannig að það voru rúmlega 600 manns sem komu og sáu leikritið. Leikstjóri var Kári Viðarsson, leikarar voru 9 en mun fleiri komu að sýningunni á einn eða annan hátt

því það er ýmislegt sem til fellur vegna svona verkefnis t.d. förðun, sviðsmynd og annað.

Fyrirhugað er að setja upp sýningu í haust og eru nýir félagar hjartanlega velkomnir í hópinn.

Leikfélagið Lauga vill þakka öllum þeim sem styrktu félagið bæði fjárhagslega og með vinnuframlagi.

Takk fyrir okkur !

Heimsóknir í Kjördæmaviku

Kjördæmaviku er nú lokið en hana nota þingmennirnir m.a. til þess að halda fundi með fulltrúum sveitarstjórna í kjördæmunum, fá upplýsingar um helstu verkefni og til þess að gefa sveitarstjórnnum og íbúum tækifæri til þess að ræða við sem flesta þingmenn kjördæmisins um hagsmunamál sveitarfélaganna. Nokkrir flokkar nýttu tækifærið og heimsóttu Snæfellsbæ og Grundarfjörð. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur undanfarið ár nýtt þennan tíma í hringferð þar sem þingflokkurinn heim-sækir vinnustaði og heldur opna fundi. Í ár fóru þau á kaffihúsið Valería og G.RUN í Grundarfirði og kynntu sér starfsemi fyrirtækjanna. Að því loknu var haldinn opinn fundur á Sjóminjasafni Hellissands. Margt var um manninn á fundinum en tæplega 30 manns mættu og áttu samtál við þingflokkinn um málefni sem skipta íbúa svæðisins máli. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Svandís Svavarsdóttir og Bjarni Jónsson, þingmenn Vinstri grænna, komu við á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar á ferð sinni um landið þar sem þau áttu samtál við bæjarstjóra. Þau fengu einnig að kynnst starfsemi félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, Sjávariðjunnar á Rifi og Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Hermann Jónsson Bragason og Eyjólfur Ármanns-



son, þingmenn Flokks fólksins, áttu einnig samtál við bæjarstjóra Snæfellsbæjar um hin ýmsu málefni samfélagsins þegar þeir voru á leið um Snæfellsnesið.

jj




- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617

Ferðamönnum farið að fjölga aftur



Greinilegt er að ferðamönnum er farið að fjölga aftur eftir stutt „vetrarfrí“. Mikið er af hópferðabílum, smáum sem stórum, á ferðinni og bílaleigubílar með er-

lendum túristum fylla bílastæðu um allt Snæfellsnes.

Veitingahúsa eigendur og rekstraraðilar söluskála segja að greinileg aukning sé í viðskiptum

undanfarnar tvær til þrjár vikur og margir á ferðinni.

Meðfylgjandi mynd var tekin af bílastæðinu við Kirkjufell á Þriðjudag en þá voru nokkuð um

bíla á stæðinu og fólk út um allt að njóta góða veðursins, mynda umhverfið og taka sjálfur.

jó



Rauði krossinn

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ
verður haldinn fimmtudaginn 9. mars 2023
kl. 20.00 í Áttthagastofunni.

Venjuleg aðalfundarstörf

Áhugasamir eru hvattir til að gefa kost á sér í stjórn
og tryggja þannig að Rauði krossinn starfi áfram í Snæfellsbæ

Stjórn Rauða krossins Snæfellsbæ